

## Lagning 66 kV jarðstrengs í Fáskrúðsfirði og 132 kV jarðstrengs í Reyðarfirði og Eskifirði

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs í Fáskrúðsfirði og 132 kV jarðstrengs í Reyðarfirði og Eskifirði sé ekki líkleg til að að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br . og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Loks bendir Skipulagsstofnun á að tryggja þarf að sandur sem nýta þarf við framkvæmdina verði tekinn úr námu sem hafi framkvæmdaleyfi. Skipulagsstofnun veur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. október 2013.

## INNGANGUR

Þann 16. júlí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. f.h. Landsnets um lagningu 66 kV jarðstrengs í Fáskrúðsfirði og 132 kV jarðstrengs í Reyðarfirði og Eskifirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitastjórnar Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Sveitastjórn Fjarðabyggðar með bréfi dags. 23 ágúst 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 7. ágúst 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 1. ágúst 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 9. ágúst 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júlí 2013 og Vegagerðinni með bréfi dags. 19. ágúst 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfi dags. 22. ágúst 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARÆÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd feli í sér eftirfarandi framkvæmdir:

A. Lagður verður 66 kV jarðstrengur Fáskrúðsfjarðarlínu 2 frá syðri gangnamunna Fáskrúðsfjarðarganga meðfram Suðurfjarðarvegi að tengivirki, alls um 6 km leið í 10-30 m frá vegöxl Suðurfjarðarvegar.

B. Lagður verður 132 kV jarðstrengur inn af botni Reyðarfjarðar, alls um 840 m leið, í stað 66 kV strengs. Strengurinn mun liggja um núverandi lagnastæði, samhliða Stuðlalínu 2 vestan Reyðarfjarðar.

C. Lagður verður 132 kV jarðstrengur frá loftlínuenda Stuðlalínu 2 að tengivirki í Eskifirði um 1.130 m leið og frá tengivirkinu að loftlínuenda Eskifjarðarlínu 1 um 235 m leið. Þrír valkostir um leiðarval jarðstrengs frá Stuðlalínu 2 að tengivirki voru til skoðunar; valkostur 1, 2 og 2a. Valkostur 1 uppfyllir ákvæði í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 um lagningu háspennulína meðfram þjóðvegum, en samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir breytingu á legu Norðfjarðavegar sunnan Eskifjarðar. Landsnet telur valkost 1 ákjósanlegastan kostinn m.t.t. hagkvæmni og umhverfissjónarmiða.

Valkostur 1 gerir ráð fyrir að jarðstrengur verði lagður meðfram nýjum Norðfjarðavegi og þaðan stystu leið að tengivirki. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að vegurinn muni liggja norðan við byggðarkjarnann að Norðfjarðargöngum.

Valkostur 2 gerir ráð fyrir að jarðstrengur fylgi núverandi leið Norðfjarðavegar. Norðan við brú yfir Eskifjarðará beygir strengurinn af leið yfir leirurnar að íbúðahverfi, meðfram því að Dalbraut og þaðan í tengivirki. Valkostur 2 liggur utan skilgreindra þjóðvega samkvæmt aðalskipulagi og samræmist þar af leiðandi ekki ákvæðum aðalskipulags um lagningu jarðstrengja eða háspennustrengja meðfram þjóðvegum. Slíkt kunnir því að kalla á aðalskipulagsbreytingu.

Valkostur 2a gerir ráð fyrir að jarðstrengur fylgi núverandi leið Norðfjarðavegar að Dalbraut, þaðan meðfram Dalbraut að tengivirki. Gert er ráð fyrir breyttri legu Norðfjarðavegar í framtíðinni og því mun lagning jarðstrengs falla utan ákvæða skipulagsins um lagningu jarðstrengja meðfram þjóðveg og kunnir því að kalla á aðalskipulagsbreytingu.

Tilgangur framkvæmdanna er að ljúka við tvöföldun tenginga við Fáskrúðsfjörð og auka afhendingaröryggi á raforku á svæðinu, sem fellst í að spennuhækka jarðstrengi í Stuðlalínu 2 og Eskifjarðarlínu 1 úr 66 kV í 132 kV.

**Áhrif á vatnsverndarsvæði.** Fram kemur að framkvæmdir við lagningu jarðstrengja í Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Reyðarfirði munu liggja á eða við fjar- og grannsvæði vatnsverndar.

Í Fáskrúðsfirði mun fyrirhugaður jarðstrengur liggja í veghelgunarsvæði Suðurfjarðavegar, en hann liggur um fjar- og grannsvæði vatnsverndar.

Í Reyðarfirði mun jarðstrengur liggja um skilgreint línustæði Stuðlalínu 2 sem liggur að hluta um fjar- og grannsvæði vatnsverndar. Breytingin felur fyrst og fremst í sér spennuhækkun línunnar en ekki breytingu á landnotkun.

Í Eskifirði er gert ráð fyrir að lega jarðstrengs muni fylgja nýrri legu Norðfjarðavegar að hluta, en hann mun liggja við fjar- og grannsvæði vatnsverndar.

Framkvæmdir verða í samræmi við kröfur sem Heilbrigðiseftirlits Austurlands gerir til framkvæmda innan vatnsverndarsvæða.

Í greinargerð Landsnet er vísað til svars Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 8.3. 2013, við fyrirspurn varðandi framkvæmdir á skilgreindum vatnsverndarsvæðum, að lagning strengsins ætti ekki að valda miklu raski og ef verktakar fylgi þeim reglum, sem settar verða fram í starfsleyfi og þá ætti mengunarhætta að vera lítil sem engin.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að lagning jarðstrengs meðfram Suðurfjarðavegi í Fáskrúðsfirði liggja um sama áhrifsvæði og vegurinn milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og hafi áhrif hans á á menningarminjar verið metin á sínum tíma og í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum kom fram að vegaf framkvæmdin hefði ekki veruleg áhrif á menningarminjar að teknu tilliti til ráðgerðra skráninga og samráðs við Þjóðminjasafn Íslands.

Í greinargerð Landsnet er vísað til svars minjavarðar Austurlands við fyrirspurn varðandi menningarminjar þar sem fram kemur að túngarðurinn sem rannsakaður var vegna vega- og jarðgangagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar er og er nú líklega horfinn. Réttin í Hólagerðislandi sé enn til staðar en utan við áhrifsvæði jarðstrengslagnarinnar. Áhrif af lagningu jarðstrengs á menningarminjar eru því metin engin.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að áhrif framkvæmda á gróður séu metin lítil þar sem gert er ráð fyrir að leggja jarðstrengi innan þegar raskaðra svæða (veghelgunarsvæða og línustæða).

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu sé í gildi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027, en ekki séu til staðar aðrar skipulagsáætlanir sem nái til framkvæmdasvæðisins.

Fram kemur að samkvæmt aðalskipulagi Fjarðabyggðar sé hægt að veita leyfi fyrir háspennustrengjum eða jarðstrengjum meðfram þjóðvegum, en önnur lega háspennustrengja en meðfram þjóðvegum eða sem sé sérstaklega tilgreind á aðalskipulagsupprætti, kalli á aðalskipulagsbreytingu. Leitast verði við að draga úr umhverfisáhrifum raflína með því að setja þær í jörð þar sem þess er kostur og með því að vanda til staðsetningar og frágangs loftlína og jarðstrengja.

Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar eru heimildir fyrir þremur strengleiðum sunnan Fáskrúðsfjarðarganga. Annars vegar fyrir tengingu við Fáskrúðsfjarðarlínu 1 á tveimur stöðum með jarðstreng og hins vegar að jarðstrengur verði lagður meðfram Suðurfjarðarvegi að tengivirki. Línustæðin eru innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Leiðarval jarðstrengs sem Landsnets leggur til fyrir Fáskrúðsfjarðarlínu 2 er í samræmi við aðalskipulagið.

Lagning 132 kV jarðstrengs í Reyðarfirði, Stuðlalína 2, er í samræmi við aðalskipulag Fjarðabyggðar þar sem jarðstrengurinn er í skilgreindu línustæði Stuðlalínu 2/Fljótsdalslínu 4. Breytingin felur í sér spennuhækkun línunnar en ekki breytingu á landnotkun. Fyrirhuguð framkvæmd er því í samræmi við aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Lagning 132 kV jarðstrengs (valkostur 1) við Eskifjörð er í samræmi við aðalskipulag þar sem gert er ráð fyrir að hann muni fylgja stofnvegum að tengivirki að stærstum hluta. Tenging milli Stuðlalínu 2 og Eskifjarðarlínu 1 í tengisvirki á Eskifirði og er í samræmi við aðalskipulag Fjarðabyggðar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Sveitastjórnar Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram veiðihagsmunir séu ekki miklir í þeim ám sem um er að ræða og ekki eru starfandi veiðifélög fyrir þær. Í rannsókn Veiðimálastofnunar frá árinu 2000 á lífríki áa í Reyðarfirði fannst bleikja í Norðurá en aðrar tegundir laxfiska hafi ekki verið að finna þar. Nokkur bleikjuveiði var í Sléttuá sem Norðurá rennur í. Veiðin hafi lítið verið stunduð síðustu ár, enda virðist stofninn hafa minnkað mikið á síðasta áratug og markvisst lokað fyrir veiðar að sögn staðkunnugra. Ekki liggja fyrir niðurstöður fiskrannsókna eða skráðar upplýsingar um veiði í Eskifjarðará, en í henni veiðist nokkuð af bleikju að sögn staðkunnugra. Rask vegna framkvæmdanna geti orðið nokkuð á meðan á þeim stendur, sem getur haft áhrif á lífsskilyrði fiska í ánum á meðan á þeim stendur, en hægt verði að lágmarka áhrif þess með því að velja ákjósanlegan tíma til framkvæmdanna. Ekki sé líklegt að framkvæmdirnar muni hafa viðvarandi áhrif á lífsskilyrði fiska í ánum. Því telur Fiskistofa, miðað við gefnar forsendur, að framkvæmdin þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með tilliti til veiðihagsmuna.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að afar mikilvægt sé að allir sem komi að verkinu séu meðvitaðir um að hlutar vinnunnar fara fram innan verndarsvæða neysluvatnsveitna Fjarðabyggðar. Vegna þessa er ítrekað að bréf það sem Hákon Hansson ritaði fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 8. mars sl. og viðauki I með skýrslunni og fylgdi greinargerð Landsnets verði haft til hliðsjónar við allan undirbúning og framkvæmd verksins þegar þar að kemur.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að í skýrslu Landsnets komi fram að jarðstrengur í Fáskrúðsfirði muni liggja um sama áhrifasvæði og vegurinn sem lagður var þegar göng voru gerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Eftir mat á umhverfisáhrifum vegarins lét Vegagerðin framkvæmda þær mótvægisáðgerðir gagnvart fornleifum sem farið var fram á. Minjastofnun Íslands telur að lagning jarðstrengs innan áhrifasvæðis vegarins kalli ekki á frekari ráðstafanir vegna fornleifa.

Þá kemur fram í umsögn Minjastofnunar Íslands að starfsmaður stofnunarinnar, minjavörður Austurlands, hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði í botni Reyðarfjarðar og engar fornleifar hafi fundist. Minjastofnun Íslands geri ekki athugasemdir við lagningu jarðstrengs inn af botni Reyðarfjarðar.

Þá bendir Minjastofnun Íslands á að á árunum 2002 og 2003 hafi verið skráðar fornleifar á tólf jörðum í Fjarðabyggð. Meðal jarða sem skráðar voru var jörðin Eskifjörður en framkvæmdasvæði vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs í Eskifirði er að stærstum hluta innan þeirrar jarðar. Þar sé svokallaður Eyjólfsblettur skráður innan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun Íslands gerir hins vegar ekki athugasemdir við að jarðstrengur verði lagður um það svæði þar sem býli Eyjólfss Péturssonar stóð.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að samkvæmt framlagðri greinargerð Landsnets sé ljóst að strengir verði annaðhvort lagðir í vegstæði eða línuleið sem ýmist hafa fengið álit Skipulagsstofnunar á hvort þörf sé mats eða munu koma til með að fá slík álit. Umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengja umfram þegar orðin eða verðandi áhrif af þessum völdum hljóta að virðast minniháttar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmdasvæði séu ýmist innan veghelgunarsvæða þjóðvega eða á línustæðum. Jarðstrengir í Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Reyðarfirði munu liggja á eða við fjar- og grannsvæði vatnsverndar. Heilbrigðiseftirlit Austurlands geri kröfur um að sótt verði um starfsleyfi vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðum í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að ekki liggi fyrir samkomulag milli Landsnets og Vegagerðarinnar um lagningu jarðstrengsins á veghelgunarsvæðinu. Sækja þurfi um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir jarðstrengnum þar sem gert sé ráð fyrir honum á veghelgunarsvæði.

Í svari frá framkvæmdaraðila kemur fram að unnið sé að útfærslu á legu jarðstrengja og verði hún ákveðin í nánu samráði við Vegagerðina. Auk þess verði samráð við aðra hagsmunaaðila eftir þörfum, s.s. Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Þegar útfærsla jarðstrengs liggur fyrir mun Landsnet sækja um tilskilin leyfi, þ.m.t. leyfi Vegagerðarinnar til framkvæmda.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs Fáskrúðsfjarðarlínu 2 frá Fáskrúðsfjarðargöngum meðfram Suðurfjarðavegi í Fáskrúðsfirði, lagningu 132 kV jarðstrengs í línustæði Stuðlalínu 2 í Reyðarfirði og lagningu 132 kV jarðstrengs Stuðlalínu 2 og Eskifjarðarlínu 1 í Eskifirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 3.b. í 2. Viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Að mati Skipulagsstofnunar er fyrirhuguð framkvæmd ekki umfangsmikil en mikilvægt er að standa að henni þannig að rask vegna hennar verði haldið í lágmarki. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru ýmist innan veghelgunarsvæða þjóðvega eða á núverandi línustæðum. Í ljósi þess og lítils umfangs framkvæmdarinnar verða áhrif hennar á gróður og jarðveg ekki veruleg auk þess sem minnka má þau enn frekar með sáningu og vönduðum frágangi.

Neikvæð áhrif verði fyrst og fremst tímabundin á meðan framkvæmdum stendur vegna ónæðis og rasks. En að loknum frágangi og þegar svæðið hefur jafnað sig þá verða neikvæð áhrif ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur sérstaklega mikilvægt að þar sem framkvæmt verður innan verndarsvæða neysluvatnsveitna Fjarðabyggðar að farið verði að tilmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands og áréttar að grunnvatn er auðlind sem ber að vernda eins ómengaða og kostur er.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að ekki liggi fyrir samkomulag milli Landsnets og Vegagerðarinnar um jarðstrenginn á veghelgunarsvæðinu. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að ef til þess kemur við endanlega útfærslu á legu strengsins, að legunni verði breytt frá því sem fram kemur í tilkynningu Landsnets, þarf Landsnet að bera breytinguna upp við Skipulagsstofnun og fá úr því skorið hvort hana beri að tilkynna inn til stofnunarinnar á grundvelli töluálagar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar ehf. f.h. Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs í Fáskrúðsfirði og 132 kV jarðstrengs í Reyðarfirði og Eskifirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br. og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. október 2013.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

# Skipulagsstofnun